



Starfsáætlun 2024-2025

Tjarnarsel





Starfsáætlun 2024-2025

Tjarnarsel

Tjarnargötu 19

Reykjanesbær, 1. september 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Starfsáætlun 2024-2025.....	3
1.1 Hlutverk.....	3
1.2 Þjónustustig	3
1.3 Markmið og framtíðarsýn.....	3
1.4 Verkefni í þróun og ferli	5
1.5 Gæðamarkmið.....	10
1.6 Endurmenntun	11
1.7 Yfirlit yfir helstu verkefni	12
Lokaorð	15
Heimildir	16
Viðaukar:	
Tölulegar upplýsingar	
Skóladagatal	
Samþykki foreldraráðs	

Inngangur

Starfsáætlun Tjarnarsels 2024 – 2025 lítur hér dagsins ljós og rammur inn áherslur komandi skólaárs. Þar ber hæst opnun nýrrar deildar að Skólavegi 1 sem er í 5 mínútna göngufæri frá Tjarnarseli/ Tjarnargötu 19. Húsið var byggt sem barnaskóli og tók til starfa árið 1911. Það er elsta steinhús bæjarins, eitt það fallegasta og verður bæjarprýði þegar endurbótum lýkur.

Auk þess að opna nýja deild verður faglegt skólastarf í hávegum haft sem fyrr. Hlutfall fagfólks við skólann er hátt en 16 leikskólakennarar starfa við skólann. Einn af þeim lauk mastersnámi í leikskólafræðum í sumar og tveir starfsmenn luku B.Ed gráðu í leikskólafræðum. Á þessu skólaári verða fjórir starfsmenn í mastersnámi í leikskólafræðum og tveir í námi til B.ed gráðu í fræðunum. Að auki felst ríkidæmi skólans í þaulreyndum og góðum leiðbeinendum með langa starfsreynslu sem og ungu fólki sem er að taka sín fyrstu skref í kennslu í leikskóla.

1. Starfsáætlun 2024-2025

1.1 Hlutverk

Leikskóli er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Jafnframt segir að í leikskólum skuli velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla, 2008).

1.2 Þjónustustig

Tjarnarsel er leikskóli fyrir börn á aldrinum 2 til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Markmið og framtíðarsýn Tjarnarsels einkennast af miklum metnaði þar sem útinám í náttúrulegum garði skólans, ræktun innan og utandyra og í gróðurhúsinu ber hæst með óþrjótandi möguleikum til leiks og náms. Mál og læsi með áherslu á Orðaspjall, málörvunarstundirnar *Lengi býr að fyrstu gerð* og snemmtæk íhlutun verður yfir og allt um kring en góður málþroski er lykilþáttur þegar kemur að velgengni barna í námi þegar lengra líður á skólagönguna. Jafnhliða fléttast inn markmið og framtíðarsýn vinna með Barnasáttmála og



SKÖPUNARGLEÐI

heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Innleiðing á *sambættingu á þjónustu í þágu farsældar barna* heldur áfram af krafti sem og innleiðing á breytingum á Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2023. Áætlað var að breytingarnar á aðalnámskrá yrðu að fullu innleiddar í leikskólum landsins 1. ágúst 2024 (Stjórnarráð Íslands 2024). Það náðist ekki og verður því innleiðingin eitt af meginstefum skólaársins með endurskoðun á námskrá *Tjarnarsels 2022-2025*.

Til að ná markmiðum skólans er leitast við að tvinna leik barnanna saman við grunnþætti menntunar með sérstakri áherslu á mál og læsi, lýðræði, vettvangsferðir og útinám þar sem sköpun, hreyfing og sjálfbærni svífur yfir. Litið er á leikinn sem rauðan þráð í þétt ofinni fléttu margra námsþátta. Enginn vafi leikur á mikilvægi hans fyrir þroska barna, þau gleyma sér í skemmtilegum og sjálfsprottum leik sem einkennist af krafti, gleði og áhuga. Leikurinn byggir undir nám og hæfni til að takast á við áframhaldandi skólagöngu. Ef börnum leiðist læra þau lítið sem ekkert og þess vegna er brýnt að námsumhverfi barna vekir forvitni og áhuga þeirra (Shalberg og Doyle, 2019).

Náttúrulegir garðar skólans bjóða upp á endalaus möguleika til náttúrufræðikennslu, sköpunar og hreyfingar. Ímyndunarafli barna og leikgleði þeirra fær notið sín um leið og hreyfiþroski þeirra eflist og styrkist. Í útinámi liggur náttúran til grundvallar við skipulagningu kennslunnar, bæði í garðinum okkar og í vettvangsferðum hvort sem er til sköpunar, hreyfingar, til að auka heilbrigði og vellíðan, læra um sjálfbærni og vísindi, mál og læsi eða stærðfræði. Útikennsla eflir félagsfærni og andlega vellíðan, gefur tækifæri til að skoða og rannsaka, nærir sköpunarkraft og ímyndunarafli, hvetur börn til áskorana, eflir seiglu og líkamshreysti (Fish & Bailie, 2018).

Einnig hefur verið sýnt fram á að útinám hentar börnum vel sem eiga erfitt með úthald og einbeitingu því þá fær skapandi kraftur þeirra að njóta sín betur (McNelis, 2010). Litið er á garðinn okkar, nánasta umhverfi skólans og bæinn allan sem þriðja kennarann í námi barnanna í Tjarnarseli.

Menntastefna Reykjanesbæjar – með opnum hug og gleði í hjarta

Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2021).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heiti heildarstefnu Reykjanesbæjar *Í krafti fjölbreytileikans* er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag í bæjarfélaginu. Stefnan samanstendur af

framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru; *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta*. (Reykjanesbær, 2020).

1.4 Verkefni í þróun og ferli

Hér kemur lýsing á verkefnum sem eru í áframhaldandi ferli og nýjum þróunarverkefnum.

Tjarnarlundur – opnun nýrrar deildar

Opnun nýju deildarinnar að Skólavegi 1 verður viðamesta þróunarverkefni skólaársins. Þrír kennarar sem hafa starfað í Tjarnaseli færa sig yfir í nýju deildina og fá til liðs við sig starfsfólk sem hefur reynslu frá öðrum leik- sem og grunnskólum.

Deildin hefur fengið nafnið *Tjarnarlundur* sem er vísan í elsta hluta byggingarinnar sem stendur við Tjarnargötuna, með nafngiftinni tengjast þessi tvö hús saman á sögulegan hátt. Í Lundinum munu 24 börn fá skólavist frá aldrinum 2-6 ára. Á efri hæð hússins verður undirbúningsherbergi fyrir alla kennara Tjarnarsels, kaffistofa og fundarherbergi. Það verður kærkomið að fá góða vinnu- og fundaaðstöðu sem hefur sárlega vantað á Tjarnargötu 19. Lögð verður rík áhersla á að deildin verði hluti af Tjarnaseli með sömu námskrá og starfsáætlun.



Aðalnámskrá leikskóla – innleiðing á breytingum.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur kynnt breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem tóku gildi 1. september 2023. Breytingarnar skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megi með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra.

Í breytingunum er jafnframt aukin umfjöllun um:

- sjálfsprottinn leik barna og hann skilgreindur,
- yngstu börnin í leikskólum,
- áhrifamátt barna og trú þeirra á eigin getu (valdefling),
- jöfnun félags- og menningarlegra aðstæðna barna (inngildi),
- mikilvægi þess að tilheyra leikskólasamfélaginu (fullgildi),
- skapandi leikskólastarf með opið og sveigjanlegt skipulag þar sem fjölbreyttar námsaðferðir og leikur barna eru í forgrunni,
- hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks,
- mat á námi barna í gegnum leik sem er meginnámsleið barna.

Endurskoðun á námskrá Tjarnarsels 2022-2025

Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefna Reykjaneshæjar 2021-2030 er lögð til grundvallar í námskrá skólans ásamt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heildarstefnu Reykjaneshæjar, í krafti fjölbreytileikans. Bærinn hefur tengt tólf Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við stefnuáherslur sínar. Í námskránni kemur fram hvernig þessar áherslur og markmið tengjast inn í námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, innra mat, leik og nám. Á skólaárinu verður námskráin endurskoðuð og fyrrgreindar breytingar innleiddar.





Endurskoðun á starfsmannahandbók

Á skólaárinu verðu starfsmannahandbók Tjarnarsels 2023-2024 endurskoðuð og gefin út að nýju, en hún er lifandi plagg sem er í stöðugri þróun.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Reykjaneshær lagði jafnframt upp í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2020. Verkefnið nefnist Barnvænt sveitarfélag og tengist það inn í allt skólastarf bæjarins. Innleiðingin er mikilvægur áfangi í að gera bæinn að skilgreindu barnvænu sveitarfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF (Reykjaneshær, 2020). Á skólaárinu verður sjónum áfram beint að fjórum grundvallarreglum sáttmálans og þær tengdar við áherslupætti skólans, námssvið leikskóla og daglegt líf. Vinnan með sáttmálann miðast við aldur og þroska barnanna í gegnum leik, samræður og skapandi starf.

Grundvallarreglur Barnasáttmálans:

-  Rétturinn til að fá að vera eins og maður er, allir séu jafnir og sömu réttindi fyrir öll börn
-  Rétturinn til að allar reglur sem eru ákveðnar séu miðaðar að því sem er best fyrir börn
-  Rétturinn til að fá að lifa og þroskast
-  Rétturinn til að fá að taka þátt og tjá skoðun sína á öllu sem skiptir börn máli

Sérkennsluteymi

Sérkennsluteymi starfar við skólann sem í sitja sérkennslustjóri sem stýrir því og tveir leikskólasérkennarar. Á skólaárinu verða mótaðar verklagsreglur fyrir teymið sem ekki náðist á síðasta ári. Hlutverk þess er að vinna saman að skipulagningu sérkennslu sem fram fer inni á deildum, í litlum hópum og einstaklingslega. Teymið fundar reglulega til að ræða framvindu kennslunnar, útbúa einstaklingsnámskrár og annað sem tilheyrir sérkennslu sbr. stuðning og ráðgjöf til annarra kennara og foreldra. Einnig kemur það að málörvun fjöltyngdra barna.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann og fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Í ráðinu sitja sérkennslustjóri skólans, skólastjórnendur, leikskólaráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur frá Skólalþjónustu bæjarins. Hlutverk ráðsins er að stuðla að samræmdu verklagi, framkvæmd og skráningu þeirra.

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og lög um barna- og fjölskyldustofu tóku gildi 1. janúar 2022. Markmið með samþættingu þjónustu við börn er að hún fari í skýrari farveg. Að öll börn (0-18 ára) og foreldrar þeirra sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana og hafi aðgang að tengilið/málstjóra sem vísar þeim áfram ef þörf krefur. Þeir sem veita börnum og foreldrum þjónustu eiga að fylgjast með velferð og farsæld allra barna, bregðast við þörf fyrir þjónustu og hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi (Bofs.is). Sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri stýra innleiðingarferli laganna og eru svokallaðir tengiliðir. Hlutverk þeirra er m.a. að taka við beiðni foreldra um samþættingu, skipuleggja og fylgja málum eftir.

Námshúsið okkar

Verkefnið *Áskorun og ævintýri* í náttúrulegum garði skólans og í vettvangsferðum um nánasta umhverfi hans er viðamikil og tengist öllum *grunnþáttum menntunar*, *Barnasáttmálanum*, *heimsmarkmiðunum* og *áhersluþáttum Reykjanesbæjar*. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun frá árinu 2012 og er nú komið í ákveðið ferli.



Það tekur á sig nýjar myndir og aukin tækifæri á hverju ári sem leitt er áfram af verkefnastjóra garðsins og Græna teymi skólans.

Gróðurhúsið í grænum skóla

Á árinu hefst þróunarvinna í garðinum við Tjarnarlund, komið verður upp gróðurkerjum og gróðurhúsi sambærilegu því sem er í garðinum við Tjarnargötuna. Verkefnastjóri garðsins stýrir uppbyggingunni í þessum nýja garði.

Vinnusmiðjur í garðinum og í vettvangsferðum

Áfram verður haldið að þróa svokallaðar vinnusmiðjur í garðinum og í vettvangsferðum. Markmið með smiðjunum er að efla skapandi starf í útinámi og tengja við grunnþætti menntunar og ferlisverkefninu *Áskorun og ævintýri* í náttúrulegum garði skólans.

Aldingarður æskunnar

Aldingarður æskunnar er samstarfsverkefni skólans með Suðurnesjudeild Garðyrkjufélags Íslands í skrúðgarði bæjarins. Börn og kennarar setja niður vor- og haustlauka, hlúa að gróðrinum, leika og læra í þessum fallega reit. Markmiðið er að börnin taki þátt í samfélagslegu verkefni sem feugar bæinn samhliða því að sjá hvernig við getum haft áhrif á umhverfi okkar með jákvæðum hætti.

Þegar horft er til þáttanna börnin mikilvægust, vellíðan íbúa og vistvænt samfélag falla fyrrgreind verkefni inn í alla þá þætti ásamt öðrum áhersluþáttum skólans.

Kennslubók um Orðaspjall – endurútgáfa

Bókin *Orðaspjall - að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri* sem kom út vorið 2013 hefur það markmið, eins og titill hennar gefur til kynna, að efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Í haust verður bókin endurútgefin en búið að gera við hana viðbætur þar sem fjölmörgum verkefnum eru gerð skil, sem hafa verið í þróun í Tjarnarseli síðan bókin kom út og tengjast *Orðaspjallsaðferðinni*. Að auki skrifar Hrafnhildur Ragnarsdóttir tvo fræðilega kafla til viðbótar við fyrri útgáfu og byggja þér enn frekar undir aðferðina. Einnig voru gerðar viðbætur við bóka- og orðalistann aftast í bókinni þar sem gefinn er upp listi með vönduðum barnabókum og orðum úr bókunum sem tilheyra millilagi orðaforðans og henta vel í orðanám og leiki með ungum börnum. Höfundar bókarinnar eru Árdís H. Jónsdóttir leikskólastjóri, Inga Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor emeritus. Oddný Svava Steinarsdóttir grafískur hönnuður sá um hönnun bókarinnar. Endurútgáfan var styrkt af *Nýsköpunar- og þróunarsjóði Menntasviðs Reykjanesbæjar og Barnavinafélaginu Sumargjöf*.

Lengi býr að fyrstu gerð – málörvunarstundir



Haustið 2021 gaf Tjarnarsel út kennsluefnið *Málörvunarstundir- lengi býr að fyrstu gerð*. Efnið innheldur 12 spjöld fyrir hvert aldursár með hugmyndum að aldurstengdum málörvunarstundum, sem miða að því að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barna. Málörvunarspjöldin nýtast sérstaklega vel í vinnu með fjöltýngdum börnum og börnum með seinkaðan málþroska sem uppfylla ekki greiningarviðmið fyrir sérkennslu eða tíma hjá talmeinafræðingi. Í raun þurfa allir kennarar og aðrir starfsmenn leikskóla að hafa vald á því að vera með slíkar stundir. Fjöldi fjöltýngdra barna hefur aukist

mikið og fyrr er gripið inn í vanda barna með seinkaðan málþroska en áður í samræmi við hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun.

Málörvun fjöltyngdra barna og barna með seinkaðan málþroska

Til að koma til móts við ört stækkandi hóp fjöltyngdra barna og barna með seinkaðan málþroska er þeim skipt í litla málörvunarhópa. Í hópunum er unnið að markvissri málörvun með fjölbreyttu námsefni, spilum, bóklestri, orðaspjalli, vettvangsferðum og útinámi. Leikskólakennari sem hefur sérhæft sig í slíkri kennslu fer á milli deilda og sinnir þessum hópi barna ásamt því að koma að sérkennslu. Deildarstjórar og sérkennsluteymð kortleggja nákvæmlega hvaða börn á hverri deild þurfa sérstaka málörvun og skipta börnum niður í hópa í samráði við aðra kennara barnanna.

Leikgleði í gegnum sögur, söng og orðaspjall.

Tjarnarsel ásamt leikskólum Reykjanesbæjar var þátttakandi í þróunarverkefni á síðasta skólaári sem kallaðist *Leikgleði í gegnum sögur og söng*. Unnið var markvisst að málörvun þar sem gleði, leikur, hópefli, virk þátttaka barna og frjáls tjáning var í aðalhlutverki. Verkefnið verður í áframhaldandi þróun og verður áhersla lögð á að tengja það Orðaspjallsaðferðinni.



1.5 Gæðamarkmið

Innra mat síðasta skólaárs fór fram með fjölbreyttum hætti. Kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra. Foreldrasamtöl á haustönn voru einnig hluti af endurmati með því að ræða alhliða þroska barnsins og líðan í leikskólanum ásamt fleiri þáttum sem tengjast skólastarfinu. Niðurstöður þessara kannana voru kynntar starfsfólki og foreldrum og nýttust við matið og gerð þessarar starfsáætlunar.

Áætlun innra mats 2024-2025

Haust- og vorönn	Símat á stjórnendafundum og á skipulagsdögum.
Haust- og vorönn	Símat fer fram hjá sérkennslustjóra og kennurum sem sjá um sérkennslu og málörvun
Nóvember 2024	Foreldrasamtöl.
Janúar 2025	Endurmat stjórnendateymdis á starfsáætlun 2024-2025.
mars 2025	Starfsmannakönnun Skólapúlsins.
Apríl 2025	Endurmat starfsmanna á starfsáætlun 2024-2025.
Júní 2025	Endurmat með gátlistum á verkefninu <i>Heilsueflandi leikskóli</i> . Gátlistarnir eru á vegum embættis landlæknis/Heilsueflandi leikskólar.
Maí 2025	Endurmat með gátlistum á verkefninu <i>Heilsueflandi vinnustaður</i> . Gátlistarnir eru á vegum embættis landlæknis/Heilsueflandi vinnustaður.
2024-2025	Rafrænar kannanir fyrir starfsfólk á afmörkuðum þáttum starfsins.
Vorönn 2024	Starfsmannasamtöl við stjórnendur, kennara og matráða.
Haust- og vorönn	Efi-2 málþroskaskimun og Hljóm-2 – Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna.
2024-2025	Moodup mannauðsmælingar annan hvorn mánuð á vegum Reykjanesbæjar.

Heilsueflandi leikskóli



Í tengslum við verkefnið *Heilsueflandi leikskóli* á vegum Embættis landlæknis fer fram árlegt endurmat á gátlistum sem tengjast áhersluþáttum sem unnið er eftir. Stýrihópur verkefnisins svaraði listunum sem fyrr, mat framgang verkefnisins og fékk niðurstöður í prósentum. Góður árangur hefur náðst síðustu ár en listunum er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi skólans. Heilsuefling er orðinn hluti af menningu skólans en brýnt er að missa ekki dampinn. Haldið verður vel á spöðunum til viðhalda góðum ávinningi síðustu ára. Lögð verður sérstök áhersla á að nýta allar afurðir ræktunar í garðinum vel og vandlega með matráðana í broddi fylkingar ásamt öflugri hreyfingu og skapandi starfi (Embætti landlæknis, 2024).

Heilsueflandi vinnustaður

Heilsueflandi vinnustaður er heilðræn nálgun sem hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan fólks á vinnustöðum. Tjarnarsel varð heilsueflandi vinnustaður árið 2023 og var í kjölfarið sett saman teymi til að vinna að framgangi verkefnisins sem ákvað að beina sjónum að fjórum þáttum; stjórnunarhættir, vellíðan, starfshættir og vinnuumhverfi. Teymið svaraði gátlistum og gáfu niðurstöður til kynna nokkur atriði til að skoða nánar t.d. sjálfræði í starfi, viðurkenningu og endurgjöf, heilsufarsskoðanir, flensuspauptur, álag á stoðkerfi, næðisrými o.fl. Áfram verður unnið að heilsueflingunni og úrbóta leitað um það sem betur má fara (Embætti landlæknis, 2024).

1.6 Endurmenntun

Endurmenntun fer fram allt árið um kring. Kennarar sækja ráðstefnur og námskeið sem Menntasvið stendur fyrir sem og námskeið að eigin vali. Skipulagsdagar eru vel nýttir til endurmenntunar og námskeiða af fjölbreyttum toga. *Fróði*, nýr fræðsluvefur fyrir starfsfólk bæjarins mun nýtast vel til endurmenntunar og fræðslu af fjölbreyttum toga t.d. varðandi heilsueflingu, sjálfsrækt og samskipti á vinnustað svo fátt sé nefnt.

Haustönn 2024
Grunnsnámskeið í Orðaspjalli fyrir nýja kennara.
Námskeið um útinám og vettvangsferðir fyrir nýja kennara.
Skipulögð kennsla (TEACCH).
Námskeið fyrir sérkennslustjóra.
Fræðsla frá Græna, sérkennslu og Heilsuteymum á skipulagsdögum.
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar. Fjölbreytt námskeið og kynningar fyrir kennara og starfsfólk.
Kennarar sækja námkeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfinu.

Vorönn 2025
Framhaldsnámskeið í Orðaspjalli fyrir nýja kennara.
Framhaldsnámskeið fyrir reyndari kennara í Orðaspjalli.
Farsældarlögin – kynning á skipulagsdegi.
Hæglæti í skólastarfi – fræðsluerindi.
Fræðsla frá Græna, sérkennslu og Heilsuteymum á skipulagsdögum.
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar. Fjölbreytt námskeið og kynningar fyrir kennara og starfsfólk.
Kennarar sækja námkeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfinu.

1.7 Yfirlit yfir helstu verkefni

Samantekt yfir helstu verkefni, markmið þeirra, hvaða kennarar og teymi bera ábyrgð á verkefnunum.

Helstu verkefni	Áhersluatriði	Umsjón og ábyrgð
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefnuáherslur Reykjanesbæjar sem tengjast heimsmarkmiðunum.	<ul style="list-style-type: none"> - Börnin mikilvægust. - Velliðan íbúa. - Vistvænt samfélag. - Kraftur fjölbreytileikans. 	Stjórnendateymið.
Tjarnarlundur/opnun nýrrar deildar að Skólavegi 1.	<ul style="list-style-type: none"> - Allir með. - Heilbrigði og vellíðan. - Sköpun og menning. - Mál og læsi. - Sjálfbærni og vísindi. 	Stjórnendur og deildarstjóri Tjarnarlundar.
Innleiðing á breytingum í Aðalnámskrá leikskóla.	<ul style="list-style-type: none"> - Hlutverk leiksins. - Reglubundið mat með virkri þátttöku barna. - Inngildi og fullgildi. - Fjölskynjun og valdefling. 	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
Endurskoðun á námskrá Tjarnarsels 2022-2025.	<ul style="list-style-type: none"> - Innleiðing í samræmi við breytingar á Aðalnámskrá. - Endurskoðun og breytingar í samræmi við þróun og nýbreytni. 	Stjórnendateymið.
Endurskoðun á starfsmannahandbók 2022-2024	<ul style="list-style-type: none"> - Uppfæra, breyta og bæta við upplýsingar. - Velliðan og öryggi starfsfólks. - Allir með. 	Skólastjórnendur.
Barnasáttmálinn – réttindafræðsla. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	<ul style="list-style-type: none"> - Grundvallarreglur Barnasáttmálans: <ul style="list-style-type: none"> - Rétturinn til að vera eins og maður er. - Rétturinn til að allar reglur miðist við hvað er best fyrir börn. - Rétturinn til að lifa og þroskast. - Rétturinn til að taka þátt og tjá skoðanir sínar. 	Deildarstjóri Ljósvalla og Stjórnendateymið.
Sérkennsluteymi og nemendaverndarráð.	<ul style="list-style-type: none"> -Lýðræði og mannréttindi Jöfn en ekki eins. Allir með. - Heilbrigði og vellíðan. 	Sérkennslustjóri, deildarstjórar og skólastjórnendur.
Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna.	<ul style="list-style-type: none"> -Að innleiða vinnubrögð í samræmi við frumvarpið. -Lýðræði og mannréttindi Jöfn en ekki eins. Lifa og þroskast. Vernd og öryggi. 	Tengiliðir farsældar.

Námssgarðurinn okkar: - Gróðurhús í grænum skóla. - Vinnusmiðjur.	- Sjálfbærni og vísindi. - Vistvænt samfélag. - Heilbrigði og vellíðan. - Sköpun og menning. - Allir með. - Opnum hugann.	Græna- og heilsuteymin.
Aldingarður æskunnar.	-Vistvænt samfélag. -Vellíðan íbúa.	Græna teymið.
Orðaspjall - að efla orðaforða og hlustunarskilning barnanna. Námskeið fyrir nýtt starfsfólk og lengra komna.	- Mál og læsi: Orðaforði. Hlustunarskilningur. Frásagnarhæfni.	Skólastjórnendur og deildarstjórar.
Lengi býr að fyrstu gerð. - Málörvun fjölyngdra barna og barna með seinkaðan málþroska.	- Mál og læsi: - Málörvun fjölyngdra barna. - Málörvun barna með seinkaðan málþroska. - Almenn málörvun.	Sérkennsluteymið og deildarstjórar.
Leikgleði gegnum sögur, söng og orðaspjall.	- Mál og læsi. - Orðaforði og skilningur. - Frásagnarhæfni og tjáning. - Félagsfærni og félagstengsl.	Sögu- og söngteymið.
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar.	- Faglegt menntasamfélag. - Heilsuefning og vellíðan.	Stjórnendateymið.
Heilsuefandi leikskóli og vinnustaður.	- Heilbrigði og vellíðan. - Mér líður vel. - Allir með. - Lýðræði og mannréttindi.	Heilsuteymin og skólastjórnendur.
Starfsmannakönnun Skólapúlsins 2025.	- Börnin mikilvægust. - Faglegt menntasamfélag. - Innra mat.	Skólastjórnendur.
Endurmenntun. - Námskeið. - Fræðsla á skipulagsdögum. - Ráðstefnur. - Fróði fræðsluvefur.	- Faglegt menntasamfélag. -Heilbrigði og vellíðan. - Allir með. - Sköpunargleði. - Þróun og nýbreytni.	Skólastjórnendur.
Fjölskyldu- og vinnudagur í garðinum við Tjarnargötu 19 og Skólaveg 1.	- Við og jörðin. - Vistvænt samfélag. - Vellíðan íbúa. - Sköpunargleði. - Allir með.	Stjórnenda- og Grænatemyið.

Umsjón og ábyrgð með helstu verkefnum

- Skólastjóri: Árdís Hrönn Jónsdóttir.
- Aðstoðarskólastjóri: Inga Sif Stefánsdóttir.
- Sérkennslustjóri og tölvuumsjón: Theodóra Mýrdal.
- Verkefnastjóri: Fanney M. Jósepsdóttir.
- Málörvunarhópar/fjöltýngd börn: Unnur Þorláksdóttir og sérkennsluteymið.
- Stjórnendateymið: Anna M. Kjærnested, Árdís H. Jónsdóttir, Áslaug Unadóttir, Björk Snorradóttir, Fanney M. Jósepsdóttir, Inga S. Stefánsdóttir, Margrét Kolbeinsdóttir, Theodóra Mýrdal og Þórey Óladóttir.
- Deildarstjórar: Anna M. Kjærnested, Áslaug Unadóttir, Björk Snorradóttir, Margrét Kolbeinsdóttir og Þórey Óladóttir.
- Sérkennsluteymi: Theodóra Mýrdal, Unnur Þorláksdóttir og Dóra Margrétardóttir.
- Matráðar: Katrín M. Aradóttir, Anna Heiða Stefánsdóttir Hjelm, Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir.
- Græna teymið: Anna M. Kjærnested, Fanney M. Jósepsdóttir, Katrín M. Aradóttir, Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir og Þórey Óladóttir.
- Heilsuteymið: Áslaug Unadóttir, Elín Hermannsdóttir, Katarzyna Blasik, Katrín M. Aradóttir og Margrét Kolbeinsdóttir.
- Heilsueflandi vinnustuaður: Árdís H. Jónsdóttir, Dóra Margrétardóttir, Ólafía Marelsdóttir og Unnur Þorláksdóttir.
- Öryggistrúnaðarmenn: Inga S. Stefánsdóttir og Jenný O. Eggertsdóttir.
- Leikgleði með sögum, söng og orðaspjalli: Aleksandra Bosnjak, Björk Snorradóttir og Malgorzata Acheampong.
- Nemendaverndarráð: Theodóra Mýrdal, Katrín Rut Þorgeirsdóttir, Hildigunnur Kristinsdóttir og Ása Berglind Böðvarsdóttir.
- Tengiliðir farsældar: Inga Sif Stefánsdóttir og Theodóra Mýrdal.

Lokaorð

Opnun nýrrar deildar er það verkefni sem ber hæst á komandi skólaári og ríkir tilhlökkun í starfsmannahópnum að takast á við það. Enginn vafi leikur á að samhliða opnun deildarinnar mun betri vinnuaðstaða fyrir undirbúningstíma og fundi bæta og efla starfsaðstæður, auka vellíðan og ánægju okkar öflugra og metnaðarfulla kennarahóps. Fimm mínútna ganga milli starfsstöðva er heilsubætandi, því fátt er meira hressandi en rösk ganga í margbreytilegri veðráttu hér í vikinni fyrir sunnan. Að auki rýmkast um innandyra á Tjarnargötunni. Aðstaða til sérkennslu verður betri en hún færir í gamla undirbúningsherbergið sem leiðir til þess að skólasjónendur fá skrifstofu með glugga og opnanlegu fagi þar sem dagsbirta og gott loft flæðir inn. Við horfum því björtum augum til framtíðar þar sem vel fer um leikandi börn og kennara.

Heilræði skólaársins

Ekki dæma hvern dag eftir uppskeru þinni heldur fræunum sem þú sáir.

Árdís Hrönn Jónsdóttir
skólastjóri

Inga Sif Stefánsdóttir
aðstoðarskólastjóri

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Embætti landlæknis (2024). <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Embætti landlæknis (2024). <https://leikskoli.heilsueflandi.is/>

Fish, L & Bailie, P. (2018). Getting gifted kids outdoors: Tips for a summer of play. Parenting for High Potential.

Starfsmannakönnun leikskóla - Skólapúlsinn 2023. Leikskólinn Tjarnarsel.

Lög um leikskóla (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

McNelis, Deborah. (2010). *Naturally Developing Young Brains*. USA: braininsights.

Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin-stefna Reykjanesbæjar. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea-9458-005056bc530c>

Reykjanesbær. (2021). *Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta*. Reykjanesbær: Reykjanesbær.

Rivkin, M.S. & Schein, D. (2014). *The great outdoors: Advocating for natural spaces for young children*. Washington, DC: National Association for the Education of Young Children.


Sahlberg, Pasi og Doyle, William. (2019). *Let the children play – how more play will save our schools and help children thrive*. United States of America: Oxford University Press.

Stjornarradid.is
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/07/01/Breytingar-a-adalnamsskra-leikskola/>


Viðaukar

Tölulegar upplýsingar


Kennarar og matráðar



Fjöldi barna í árgangi með sérkennslu



Fjöldi barna í árgangi af erlendum uppruna



Skóladagatal 2024-2025

ÁUGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 D	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 D	1 F	1 S	1 D
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 M	3 F	3 S	3 D	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 D	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 D	4 D	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 D	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 D	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 D	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 D	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 D	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 D	8 F	8 S	8 D
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 D	10 F	10 D	10 F	10 M	10 M	10 M	10 F	10 L	10 D	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 D	11 D	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 D	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 D	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 D	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 D	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 D	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 F	15 F	15 S	15 D
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F
17 L	17 D	17 F	17 D	17 F	17 M	17 M	17 M	17 F	17 L	17 D	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 D	18 D	18 F	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 D	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 D	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 D	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M
22 F	22 M	22 D	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 F	22 F	22 D	22 D
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 S	24 D	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 M	24 F	24 L	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 M	25 D	25 D	25 F	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 D	26 F	26 M	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 D	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 D	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 D	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M
29 F	29 M	29 D	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 D	29 F	29 S	29 D
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 F			31 F	31 F				31 L		



TJARNARSEL

VIRÐING UPPLIFUN LÍFSGLEÐI

Við undirrituð í foreldraráði Tjarnarsels samþykkingum starfsáætlun skólans fyrir árið 2024-2025

SEPTEMBER 2024

Dagsetning

KarenLind

Marta Kjartansdóttir

Jona María Þ.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



TJARNARSEL